



# Flugslysaæfingin Vopnafjörður 2010



Lokaskýrsla



## Efnisyfirlit

Efni	Bls.
Efnisyfirlit	3
Inngangsorð	5
Orðskýringar	7
Handrit æfingarinnar	8
Almennt um framgang æfingarinnar	9
<b>Leikarar og förðun → Vigdís Agnarsdóttir</b>	11
<b>Vettvangur og Söfnunarsvæði slasaðra → Bára Benediktsdóttir</b>	13
<b>Vettvangsstjóri → Arnar Geir Magnússon</b>	14
<b>Björgunarstjóri - Slökkvilið Vopnafjarðar → Björn Heiðar Sigurbjörnsson</b>	15
<b>Heilbrigðisþjónusta – Stjórnandi læknir → Þórður Guðmundsson</b>	17
<b>Björgunarsveitin Vopni → Jón Sigurðarson</b>	18
<b>Vopnafjarðardeild RKÍ → Hrunn Snorradóttir og Halldóra Andrésdóttir</b>	19
<b>AFIS Flugvallarvörður → Finnur Þ. Dýrfjörð</b>	20
<b>Slökkvi- og björgunarstarf → Þorlákur Snær Helgason og Ingimar Eydal</b>	21
<b>Fundargerð rýnifundar → Kristján Torfason</b>	22



Þessi skýrsla er gefin út af Isavia ohf. en efnisyfirlitið hér að ofan gefur til kynna hverjir eru höfundar einstakra kafla.

Umsjónarmenn með útgáfu þessarar skýrslu eru:  
Kristján Torfason [kristjan.torfason@isavia.is](mailto:kristjan.torfason@isavia.is)  
Bjarni Sighvatsson [bjarnis.sighvatsson@isavia.is](mailto:bjarnis.sighvatsson@isavia.is)



## Inngangsorð.

Daganna 13-15.maí, var haldin flugslysaæfingin Vopnafjörður 2010. Æfingin var liður í því skipulagi Isavia að halda eina viðamikla flugslysaæfingu á hverjum áætlunarflugvelli ekki sjaldnar en á fjögurra ára fresti.

Þessi æfing er í röð margra æfinga sem haldnar hafa verið undanfarin ár á flestum áætlunarflugvöllum landsins. Síðast var haldin flugslysaæfing á Vopnafjarðarflugvelli 2003.

Að undirbúningi æfingarinnar og að sjálfri æfingunni kom að venju hópur manna af höfuðborgarsvæðinu, svokallaður ráðgjafahópur. Hópur þessi samanstendur af sérfræðingum úr hinum ýmsu starfsstéttum og tengist starf hvers ráðgjafa samsvarandi starfseiningu viðkomandi æfingarsvæðis.

Ráðgjafahópurinn fundar og skipuleggur frumvinnu við undirbúning æfingarinnar og í framhaldi af því er farið á viðkomandi stað og haldnar kynningar og kennslunámskeið. Fjöldi ráðgjafa ræðst að nokkru af umfangi / fjölda þeirra sem taka þátt í æfingunni.

Heildarskipulag hverrar æfingar byggist á viðbragðsáætlun, sem Almannavarnardeild ríkislögreglustjóra í samvinnu við Isavia gefur út fyrir hvern flugvöll og kallast flugslysaáætlun viðkomandi vallar. Samhliða æfingunum er því annaðhvort unnið að gerð nýrrar flugslysaáætlunar fyrir viðkomandi flugvöll eða þá að sú sem fyrir var er tekin til endurskoðunar, bæði fyrir æfinguna svo og er hún yfirfarin í ljósi reynslunnar af æfingunni og lagfærð eftir því.

Þessi endurskoðun kemur líka viðbragðsaðilum hvers staðar til góða þar sem menn rýna í sinn þátt í áætluninni og gefst bæði tækifæri til að hafa áhrif á áætlunina sjálfa svo og einnig að aðlaga starf sitt og skipulag að henni eða breytingum sem á henni kunna að vera gerðar.

Rétt er að benda á að þótt æfingin beinist einkum að hagsmunum flugfarþega þá nýtist æfingin ekki síður í hverri þeirri vá sem snert gæti viðkomandi bæjarfélag og tæki til fjölda manna, hvort sem um væri að ræða bruna, snjóflóð, rútuslys eða aðra vá.

Nú ganga æfingar sem þessar ekki út á það að kenna viðbragðsaðilum það sem þeir kunna fyrir, heldur er aðaláherslan lögð á að þessir hópar læri að vinna saman og myndi eðlilegt flæði sem byggist upp á

stjórnun vettvangs og umhverfi hans, björgun á slysstað, aðhlynningu við slysstað, fyrstu greiningu, flutning á söfnunarsvæði slasaðra, ummönnun þar og að lokum flutningi á sjúkrahús, fjöldahjálparstöð eða annað eftir atvikum.

Venjulega er mikið lagt undir þegar æfingar eru haldnar. Viðbragðsaðilar hvers staðar rýna í skipulag sitt og búnað og leitast við að bæta hvorutveggja eftir þörfum. Oft er farið út í nokkrar fjárfestingar á hlutun sem menn telja vanta til þess að eining þeirra geti staðið undir væntingum.

Það er því ljóst, að oft er nokkuð lagt undir bæði með mikilli vinnu svo og útlögðum kostnaði. Síðast en ekki síst er mikil framlegð sjálfboðaliða, nyti þeirra ekki við, yrði harla lítið úr flugslysæfingum,.

Engin æfing verður betri en áhugi þátttakenda segir til um. Þessi æfing heppnaðist í mjög vel og það er ykkur að þakka.

Isavia og þeir ráðgjafar sem komu að æfingunni vilja þakka þátttakendum fyrir ánægjuleg viðkynni og þann áhuga sem æfingunni og undirbúningi hennar var sýndur.

Leitast er við að hafa skýrslu þessa einfalda og auðlesna.

Útgáfa hennar hefur eitt aðalmarkmið:

***Að draga fram hvað vel fór á viðkomandi æfingu svo viðbragðsaðilar viti hvað þeir gerðu rétt og dragi af því lærdóm..***

***Að draga fram hvað betur hefði mátt fara á viðkomandi æfingu svo viðbragðsaðilar geti dregið lærdóm af því og bætt úr...***

## Orðskýringar.

### **Ráðgjafahópur.**

Ráðgjafahópur er hópur fólks af Reykjavíkursvæðinu og frá Akureyri sem hefur aflað sér sérþekkingar á sviði hópslysaviðbúnaðar, hver á sínu sviði. Hópurinn mætir á þann stað þar sem halda á æfingu, tryggir heimamönnum ákveðna fræðslu og aðstoðar við undirbúning, framkvæmd og úrvinnslu æfingarinnar. Á æfingunni sjálfri eru þeir eftirlitsmenn og ráðgjafar og eru staðsettir þar sem sérþekking þeirra kemur að mestum notum.

### **Aðgerðarstjórn.**

Aðgerðarstjórn fer með yfirstjórn aðgerða og er oftast staðsett á lögreglustöð staðarins eða aðsetri almannavarna. Hana myndar hópur staðarmanna þar sem hver og einn starfar vegna þekkingar eða tengsla við viðbragðshópa starfshópa. Til dæmis fulltrúar löggæslu, björgunarsveita, heilbrigðismála, vegamála, slökkvímála og fleira í þeim dúr. Yfirmaður hópsins er lögreglustjóri staðarins eða fulltrúi hans. Verkefni aðgerðarstjórnar er að hafa heildaryfirlit yfir aðgerðirnar, útvega bjargir, sjá um flutning sjúklinga úr héraði, samræma aðgerðir í héraði og vera tengiliður samræmingarstjórnar í miðstöð almannavarna í Skógarhlíð í Reykjavík.

### **Vettvangsstjórn.**

Vettvangsstjórn er lítil hópur fagmanna (oft 2-5) er aðgerðarstjórn skipar til þess að fara með stjórnun aðgerða á (slysa)vettvangi. Vettvangsstjórn sem starfar oftast nærri vettvangi, upplýsir aðgerðarstjórn um gang mála, skipar verkþáttarstjóra eftir atvikum, útvegar bjargir og mannskap og tekur aðrar ákvarðanir er lúta að framgangi aðgerða á vettvangi.

### **Verkþáttastjórar.**

Verkþáttastjórar eru undir stjórn vettvangsstjórnar. Þeir sjá um sjálfstæð verksvið, fá bjargir og ráð hjá vettvangsstjórn og upplýsa hana um gang mála.

**Björgunarstjóri** stjórnar björgunarstörfum á vettvangi, slökkvistörfum, frumgreiningu og leit að fólki.

**Aðhlyningarstjóri** stjórnar greiningarstöð, sér um sjúkra- og fjöldahjálp, forgangsroðun sjúklinga og ákveður flutning þeirra.

**Gæslustjóri** sér um lokun og verndun innri svæða (slysstaðurinn) og lokun ytri svæða, umferðastjórnun og almenna gæslu.

**Flutningastjóri** sér um móttöku bjarga og ákveður biðsvæði, bæði skráningu og skipulagningu. Hann sér um flutning slasaðra af skaðasvæði í greiningu og á sjúkrahús eða annað eftir ákvörðun aðhlyningarstóra.

### **Lausnaraðilar.**

Lausnaraðilar eru allir þeir viðbragðsaðilar heimamanna sem að aðgerðum og lausnum mála koma og vinna beint og óbeint undir stjórn aðgerðar- og vettvangsstjórna. Dæmi um lausnaraðila eru:

slökkviliðsmenn, björgunarsveitir, lögregla, heilbrigðisfólk, Rauði krossinn og margir fleiri.

### **Samhæfingarstöð.**

Samhæfingarstöð almannavarna er staðsett í Skógarhlíð í Reykjavík. Verkefni samhæfingarstöðvarinnar er að aðstoða t.d. aðgerðarstjórnir á landsvísu, útvega hverskins bjargir og samræma störf aðgerðarstjórna þegar umfang aðgerða krefst þess. Hana manna fólk með sérþekkingu á ýmsum sviðum er snerta björgunarmál svo og fulltrúar ýmissa opinberra stofnanna.

### Handrit flugslysaæfingarinnar.

Klukkan 11:10 tilkynnir flugturninn á Vopnafirði um flugslys. DHC6 vél sem var að koma inn til lendarar á braut 05 virðist, að sögn fluguradíósmanns, fá á sig skyndilegt niðurstreymi og rekst annar vængur flugvélarinnar í jörðina og brotlendir flugvélin. Við brotlendinguna brotnaði vélin í nokkra hluta og flakið dreyfist yfir stórt svæði austan við brautina. Miklir eldar loga í hluta flaksins og farþegar eru fastir inni í flakinu.



[www.vopnafjordur.is](http://www.vopnafjordur.is)

# Flugslysaæfingin Vopnafjörður 2010.

## Almennt um framgang æfingarinnar.

Skoðun mín er sú að flugslysaæfingin Vopnafjörður 2010 hafi í flestu tekist vel. Að sjálfsögðu ekki gallalaus enda eru slíkar æfingar aldrei haldnar, í heildina gekk hún mjög vel. Stressmerki eins og hlaup og köll, menn talandi hver ofan í annan í fjarskiptum eða sami sjúklingur margskoðaður án þess að vera skoðaður voru alls ekki til staðar á þessari æfingu.

Þvert á móti virtist mér allur framgangur byggjast á ró og yfirvegum. Í aðgerð, af hverju tagi sem er, hlýtur úrlausn verkefna að vera betri og ákvarðanatáka öll yfirvegaðri þegar stjórnendur taka á vandamálum af rósemi og ákveðni. Verkefnið sem björgunarmönnum var fengið í hendur var í eðli sínu mjög erfitt og ef tilvill langt umfram eðlilega getu heimamanna, sérstaklega aðhlynningarþátturinn. En, svona æfing gengur ekki út á að mæla afköst. Bæði er, aldrei alveg ljóst hve mikil þátttaka heimamanna verður og því erfitt að koma með verkefni sem hæfa algerlega getu hverju sinni. Einnig er, að aldrei er hægt að setja vettvang slasaðra þannig upp að hann endurspegli raunveruleikann hvað varðar álag á hjálparmenn.

Svona æfing gengur því frekar út að það að setja upp slökkvi og björgunarettvang, þörf fyrir að forgangsgreina og flytja slasaða á söfnunarsvæði slasaðra í flugstöð og veita þeim þar frekari aðhlynningu. Þetta er röð verkþátta sem allir verða að virka eigi dæmið að ganga upp. Stundum er þátttaka mjög góð og margar hendur vinna verkið tiltölulega fljótt en stundum er þátttaka með minna móti og því vinnst verkið hægar en vinnst samt alltaf. Þetta endurspeglar að einhverju leiti raunveruleikan en aðal atriðið er að samvinna björgunarmanna og flæði á vettvangi gangi vel. Flugslysaæfing gengur aldrei út á afköst heldur þjálfun í samvinnu viðbragðsaðila.

Veðrið setti nokkurn svip á æfinguna. Nokkuð stífur vindur var með allmikilli úrkomu og lágu hitastigi og gæta þurfti sérstaklega vel að sjúklingum. Leiðinlegt veður hefur alltaf einhver áhrif á æfingar því sé veður gott þá vinna menn hægar, vanda sig meira og æfingargildið því meira.

Þátttaka heimamanna var vel viðunandi, en þátttaka þeirra sem skráðir eru viðbragðsaðilar í flugslysaáætlun en búa í nærsveitum var vægast sagt hörmuleg. Kannski er æfingarálag almennt of mikið, en að það sé svo mikið að menn geti alls ekki svarað tölvupóstum um það hvort viðkomandi eining hyggi á þátttöku, því er erfitt að trúá.

Nokkrir punktar:

° Nokkrar síðustu æfingar hafa Rauða kross deildir, í upphafi æfinga, sent aðstoðarfólk á söfnunarsvæði aðstandenda. Þar hefur RK fólk séð um að aðstoða við uppsetningu söfnunarsvæða, aðstoða lækna og hjúkrunarfólk og sinnt sjúklingum eftir þörfum. Því verkefni sem Rauða kross fólki er ætlað samkvæmt flugslysaáætlun hefur ýmist verið sinnt af færri höndum eða látið bíða þar til líða tekur á æfingu. Ég er þeirrar skoðunar að þetta sé hárrétt þróun. Í upphafi aðgerða eru fáar hendur til hjálpar á söfnunarsvæði en mikil þörf. Einnig væri ólíklegt að aðstandendur hópuðust á söfnunarsvæði úti í bæ á fyrsta klukkutíma aðgerða. Rauða kross fólk sem tekið hefur þátt í æfingum og unnið á söfnunarsvæðum, þarf að ræða þetta mál og í framhaldi breyta verkefnalista þeirra í flugslysaáætlun (ef samkomulag næst um).

° Miklir hnökrar voru á útkalli Neyðarlínunnar. Bæði bárust boðin mjög seint eða 7-9 mínútum eftir að þau voru send en það sem verra var, að orðið „æfing“ hafði fallið niður, bæði í upphafi og endingu boðunar til viðbragðsaðila og því tóku allir utanaðkomandi boðuninni sem alvöruboðun. Í neyðarboðun, eins og „neyðarstig land-vopnafjarðarflugvöllur“ fá yfir þrjátíu viðbragðseiningar boð og í hverri einingu geta verið margir tugir manna. Í skýringum Neyðarlínunnar kemur fram að þeir hafi verið að eiga við alvöruslys sem hafi valdið miklu álagi, þeir gert mistök,kerfið að hluta dottið niður og að mikill fjöldi innhringinga vegna rangrar boðunnar hafi valdið miklu álagi. Eðlilegast væri að Neyðarlínan biði æfingarstjórn að bíða með að starta flugslysaæfingu í smá tíma meðan þeir næðu tókum á alvöruálagi sem þeir væru að glíma við.

° Landhelgisgæslan sendi þyrlu á æfinguna. Með rétttri notkun/álagi er mjög gott að fá þyrlu inni æfingu. Bæði eykur það fjölbreytni verkefna og gefur björgunarmönnum tækifæri til þess að læra að umgangast þyrlur. Kunnum við Gæslunni bestu þakkir fyrir.

° Rannsóknarnefnd flugslysa tók þátt í æfingunni að vanda. Mætti Þorkell með lærling sem var látinn yfirheyrja flugmann og flugstjóra um aðdraganda „slyssins“. Höfðu þeir fengið blað með upplýsingum til þess að geta svarað spurningum RNF.

° Akstursstýring var framkvæmd af Isavia mönnum. Var það gert til að sýna hvernig við vildum að staðið væri að slíkri aðgerð. Einnig vildi æfingarstjórn að stýringin hefði sem minnst inngrip í æfinguna.

Nú þegar þið fáið þessa skýrslu í hendur þá er æfingunni að sönnu lokið, allur undirbúningur sem í hana fór virðist fjarri. En eftir stendur að ýmis atriði gengu vel og þið funduð góðar lausnir á vandamálum. Eins voru hlutir sem ekki gengu sem best og bæta má eða finna betri lausnir á. Þetta eru lærdómsatriði æfingarinnar. Nú er boltinn hjá ykkur. Nú er tíminn til að skipuleggja og framkvæma það sem bæta þarf. Ekki bíða eftir næstu æfingu.

Isavia og ráðgjafar þakka öllum þeim sem þátt tóku í æfingunni fyrir þátt þeirra í henni og fyrir mikinn áhuga og ánægjuleg viðkygni.

Bjarni Sighvatsson,æfingastjóri.  
Starfsmaður Flugverndar- og björgunardeildar Isavia.

## Flugslýsaæfing Vopnafjörður 2010 - Skýrsla ráðgjafa

<b>1. Viðfang (Verkpáttur eða verkefni)</b>	<b>Ráðgjafi/ar:</b>
Leikarar og förðun	Vigdís Agnarsdóttir

### **2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni**

ISAVIA ohf, Slökkvilið Akureyrar.

### **3. Hvar var viðkomandi ráðgjafi staddur á meðan á æfingu stóð?**

Í Leikaramiðstöð, á vettvangi og í SSS..

### **4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.**

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

*Aldursdreifing leikara hefði mátt vera meiri. Alltaf erfitt þegar eingöngu unglingar leika sjúklinga.*

*Það vantaði a.m.k. einn aðstoðarmann til að fylgjast með leikurum á meðan æfing stóð yfir.*

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

### **4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.**

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Förðunarnámskeið var haldið í Austurborg á fimmtudagskvöldi, þar mættu nokkrar ungar stúlkur sem skemmtu sér mjög vel við að útbúa áverka á hvor aðra. Þessar sömu stúlkur sáu að mestu um alla förðun á æfingunni og gerðu það mjög vel.

Leikarakynning var haldin á föstudeginum í Austurborg. Þangað mættu 17 áhugasamir unglingar sem voru mjög spennt fyrir því að taka þátt. Við fengum 19 leikara til að taka þátt í æfingunni sem var mjög gott þótt að meiri aldursdreifing hefði verið æskileg.

Við hófum undirbúning klukkan 8:00 á laugardagsmorgun og leikarar komu fyrstir um klukkan 8:30. Skráning og gerð farþegalista gekk mjög vel og listinn var tilbúinn mjög tímanlega. Listinn var afhentur á minnislykli í flugstöð þegar æfingin var að hefjast.

Skráning og utanumhald á leikurum á æfingunni gekk mjög vel. Staðsetning og fyrirkomulag við að dreifa sjúklingum á vettvang gekk einnig mjög vel þar sem samvinna við SA um uppsetningu vettvangs skilaði sér vel. Teikning á uppsetningu vettvangs og fyrirfram ákveðin staðsetning leikara er eitthvað sem er að virka einstaklega vel og flýtir mjög fyrir því að koma leikurum fyrir í upphafi æfingarinnar.

Þar sem að þyrla tók þátt í æfingunni létum við þá leikara biðja eftir að þyrlan mætti á svæðið áður en við staðsettum þá á vettvangi. Ég vil þakka Einari Birni fyrir þolinmæðina við að biðja með krakkana í rútunni bæði fyrir og eftir þeirra þátt í æfingunni.

Margir leikarar áttu stórleik og stóðu sig einstaklega vel. Það er alls ekki einfalt að leika sjúkling á æfingu í veðri eins og því sem við glímdum við þennan laugardag. Við gerðum okkar best til að koma í veg fyrir ofkælingu leikara og tel að það hafi gengið einstaklega vel með samstilltu átaki allra sem tóku þátt.

Kærar þakkir til heimamanna fyrir jákvætt viðhorf til okkar og að bregðast skjótt við beiðnum um kakó, mat og ýmislegt annað.

**Takk fyrir okkur.**

**Kveðja, Vigdís Agnarsdóttir**

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis



## Flugslasaefingin Vopnafjörður 2010 - Skýrsla ráðgjafa.

<b>1. Starfseining</b>	<b>Skýrsluritari/ar:</b>
Vettvangur og Söfnunarsvæði slasaðra	Bára Benediktsdóttir

### **2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni**

Heilbrigðisgeirinn á Vopnafirði.

Rauði kross Íslands á Vopnafirði.

Slysavarnarfélagið –Landsbjörg - Björgunarsveitin Vopni á Vopnafirði.

### **3. Hvar var viðkomandi staddur á meðan á æfingu stóð?**

Vettvangur og Söfnunarsvæði slasaðra.

### **4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.**

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Fræðsla hefði mátt fara talsvert fyrir í gang.

Björgunarsveitir frá nærliggjandi stöðum hefði mátt virkja.

Fleiri heilbrigðisstarfsmenn hefðu getað tekið þátt.

SSS sem er inni í flugstöðinni er frekar lítið og þröngt svæði þannig að þeir sem eru þar að vinna verða fá frið.

Undirbúningur þeirra sem tóku þátt hefði mátt fara fyrir í gang.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

Það vantar fleiri tetrastöðvar fyrir heilbrigðisgeirann

Þyrfti að merkja fólk betur sem er að vinna að umönnun sjúklinga.

Eins og fram hefur komið vantaði fleiri bæði björgunarmenn og heilbrigðisstarfsfólk á SSS.

### **5. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.**

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Þeir frá heilbrigðisgeiranum höfðu mikinn áhuga á að sinna sínum þætti vel en voru of fáir.

Samvinna á vettvangi og SSS var mjög góð.

Fjarskipti gengu vel.

Áhugi björgunarsveitar og heilbrigðisfólks á fræðslu fyrir æfingu var góður þó þetta væru frekar fámennir hópar.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

Fólkið sem tók þátt í að sinna sjúklingum gekk hreint til verks og vissi greinilega hvað það var að gera. Það var bæði á vettvangi og á SSS.

Bráðaflokkun og greining gengu mjög vel.

Æfingin heppnaðist mjög vel í heildina.

## Flugslysaæfingin Vopnafjörður 2010 - Skýrsla lausnaraðila.

<b>1. Starfseining</b>	<b>Skýrsluritari/ar:</b>
Vettvangsstjóri	Arnar Geir Magnússon

### 2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni

Lögreglan, slökkvilið

### 3. Hvar var viðkomandi staddur á meðan á æfingu stóð?

Í lögreglubifreið gegnt vettvangi

### 4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

*-Æfingar mættu vera fleiri. Svona stórar æfingar er nóg að halda á 5. Ára fresti. En viðbragðsaðilar gætu haldið aðrar minni æfingar við þær aðstæður sem eru á flugvellinum.*

*-Hefði viljað sjá fleiri á undirbúningsfundum.*

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

*-Hefði viljað sjá fleiri mæta. Aðra viðbragðsaðila sem eru í flugslysaáætluninni. T.d. frá björgunarsveitunum í kringum Vopnafjörð.*

*-Æfingin gekk almennt vel en lentum í smá vandræðum í lokin vegna skorts á fólki til leitar í lokin. Sá þáttur leysist þar sem fleira fólk úr nærliggjandi sveitum verður komið til aðstoðar á þessum tímapunkti ef slys verður.*

*-Lentum í smávægilegum erfiðleikum með hvað voru margir í flugvél. Þarf að setja í flugslysaáætlunina hver sér um farþegalista. (Er núna flugturn)*

### 4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

*-Rauði Krossinn stóð fyrir námskeiðum fyrir æfinguna og er það bara gott.*

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

- Fjarskipti gengu mjög vel. Tetra kerfi virkaði vel á milli vettvangsstjórnar og verkþáttastjóra.
- Störf á vettvangi gengu vel. Verkþáttastjórum og vettvangsstjórn gekk vel að leysa þau verkefni sem voru fyrir hendi.

## Flugslysaæfingin Vopnafjörður 2010 - Skýrsla lausnaraðila.

<b>1. Starfseining</b>	<b>Skýrsluritari/ar:</b>
Björgunarstjóri - Slökkvilið Vopnafjarðar	Björn H Sigurbjörnsson

<b>2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni</b>
Slökkvilið Vopnafjarðar – Sjúkrabíll - Björgunarsveit

<b>3. Hvar var viðkomandi staddur á meðan á æfingu stóð?</b>
Á vettvangi

<b>4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.</b>
--

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

*Það er í sjálfu sér ekki mikið sem hefði mátt gera betur í þessari æfingu. Viðbragðsaðilar þyrftu samt að taka sig til og vera með eina „stærri“ æfingu á Vopnafirði t.d. einu sinni á ári. Það er eina sem hægt er að benda á að samæfingar þyrftu að vera fleiri.*

*Það kom samt ekki niður á æfingunni sjálfri þar sem allir sem ég þurfti að hafa samband við á vettvangi gengu snurðulaust í sín verk og gerðu það í góðri samvinnu.*

*Veit ekki hvernig björgunarstarf gekk á suðurenda þar sem ég hafði ekki annað en talstöðvarsamband við þá sem þar störfuðu.*

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

*Boðunarmál neyðarlínu var ekki að skila sér og setti það strik í æfinguna þar sem viðbragðsaðilar skiluðu sér ekki á vettvang fyrir en um 10 seinna en ella. Úrlausnin var góð fannst mér. Þar sem aðrir viðbragðsaðilar voru seinir á vettvang þá fór of mikill tími hjá mér (björgunarstjóra) í að slökkva elda og fyrir vikið náði ég ekki nægjanlegri yfirsýn yfir vettvanginn í byrjun. Náði ekki að skanna svæðið og gefa góðar upplýsingar yfir ástandið á svæðinu í tíma. Náði ekki að sinna sjúkum/slösuðum fyrir en sjúkralið kom á staðinn. Það kom reyndar í staðinn að vettvangur var betur tryggður þegar þeir mættu.*

## 5. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

*Undirbúningur æfingarinnar var góður að hálfu þeirra sem skipulögðu hana. Betri þátttaka hefði mátt vera hjá viðbragðsaðilum á fyrirlestra/kennslu sem boðið var upp á. Slökkviliðið var að taka í notkun nýjan slökkvibíl sem í þessu tilfalli var staddur á flugvelli á slökkvivakt. Þar sem bíllinn er nýr voru menn ennþá að átta sig á hversu öflugt tæki menn voru komnir með í hendurnar og kunnáttan ekki alveg fullkomin í byrjun. Lagaðist um leið og notkun byrjaði.*

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

*Æfingin gekk vel í framkvæmd. Gott samband var á milli viðbragðsaðila á vettvangi. Vettvangur var erfiður þar sem hann var frekar langur. Erfitt var fyrir björgunarstjóra að ná yfir vettvang og fékk hann því flutningsstjóra, sem kom frá björgunarsveitinni, til að sjá um suður-endann meðan hann sinnti sjálfur norður –enda. Samstarfið gekk vel.*

*Með tilkomu sameiginlegs slökkvibifreiðar og með hann ávallt staðsettan á flugvelli fyrir allt flug gjörbreytir viðbragði því sem snýr að slökkvi og björgunarstörfum þar. Það sem mér fannst koma út úr þessari æfingu var það að turnmaður ætti ekki að fara úr turni til að færa búnaðarkerru á vettvang heldur getur það verið hlutverk annarra viðbragðsaðila sem koma næstir á vettvang utan frá.*

*Kerra þessi sem kom með turnmanni var ekki notuð fyrr en um 30 mín eftir að útkall varð.*



## Flugslysaæfingin Vopnafjörður 2010 - Skýrsla lausnaraðila.

<b>1. Starfseining</b>	<b>Skýrsluritari/ar:</b>
Heilbrigðisþjónusta – Stjórnandi læknir	Pórður Guðmundsson

<b>2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni</b>
Læknar, hjúkrunarfræðingar, sjúkraliðar

<b>3. Hvar var viðkomandi staddur á meðan á æfingu stóð?</b>
Söfnunarsvæði slasaðra

<b>4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.</b>
Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:
<i>Að mínu mati hefði mátt leggja meiri áherslu á kynningu og auglýsingar fyrir æfingina uppá þáttöku hjá heilbrigðisstarfsfólki. Samskiptin milli skipuleggjanda og lykilmanna á staðnum hefðu mátt vera meiri og með betri fyrirvara.</i>

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

<i>Skipulag á aðföngum, tækjum og tólum má bæta. Talsverður tími fór í leit að hlutum eins og thorax drenum, ventilator-möskum og fleiri hlutum.</i>
--

<b>4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.</b>
Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:
Góð fræðsla og kynning á mati og móttöku traumasjúklinga.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

Skjót uppsetning á aðstöðu fyrir móttöku slasaðra. Góð vinnubrögð, flokkun, greining og úrlausnir hjá heilbrigðisstarfsmönnum að mínu mati.
--

## Flugslysaæfingin Vopnafjörður 2010 - Skýrsla lausnaraðila.

<b>1. Starfseining</b>	<b>Skýrsluritari/ar:</b>
Björgunarsveitin Vopni.	Jón Sigurðarson.

<b>2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni</b>
Slökkvilið Vopn, Sjúkraflutningamenn og Björgunarsveitin Vopni ásamt lögreglu.

<b>3. Hvar var viðkomandi staddur á meðan á æfingu stóð?</b>
Við fremri enda vélarinnar.

<b>4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.</b>
Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:
<i>Veðrið hefði getað verið betra og ég legg til að það verði sól á næstu æfingu ☺</i>
<i>En öllu gríni slepptu þá hefði verið gott að hafa eitt tetranámskeið fyrir æfingu. Sjúkrabíll var ekki á réttum talhóp og olli það ákveðnum ruglingi hjá flutningsstjóra.</i>
<i>Mannlegi þátturinn gagnvart sjúklingum var ekki nógu góður, það þarf að leggja meiri áherslu á þann þátt í undirbúningi æfinga.</i>

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

<i>Flutningsstjóri fékk óvænt annað hlutverk þegar á vettvang var komið, björgunarstjóri skipaði hann sem björgunarstjóra á framhluta vélarinnar en vettvangurinn var langur, ég er ekki viss um að þetta sé gott. Spurning að ræða þetta betur.</i>
<i>Það bar aðeins á því að skortur væri á börum fyrir slasaða á æfingunni, spurning hvort ekki mætti hafa fleiri bretti til á flugvellingum.</i>

<b>5. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.</b>
Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:
Fundir með fólki Ísavia voru góðir, það fólk á allt gott skilið. Verklegar æfingar voru góðar.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

Lögreglan stóð sig vel sem vettvangsstjóri. Fjarskipti voru góð og fólk stóð sig almennt vel í því. Flutningur á slösuðum gekk vel.
---

## Flugslýsaæfingin Vopnafjörður 2010 - Skýrsla lausnaraðila.

<b>1. Starfseining</b>	<b>Skýrsluritari/ar:</b>
Vopnafjarðardeild RKÍ.	Hrund Snorradóttir og Halldóra Andrésdóttir

### 2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni

Vopnafjarðardeild RKÍ og Slysavarnardeildin Sjöfn, samtals 7 aðilar.

### 3. Hvar var viðkomandi staddur á meðan á æfingu stóð?

Á söfnunarsvæði slasaðra í flugstöðinni á Vopnafjarðarflugvelli.

### 4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

*Við erum sátt við undirbúninginn af hálfu deildarinnar. Við héldum skyndihjálparnámskeið og námskeið í fjöldahjálp fyrir æfinguna. Við hefðum viljað að þessi námskeið hefðu verið betur sótt.*

*Vegna tímasetningar æfingarinnar gat Jón Thoroddsen, sálfræðingur Rauða krossins, ekki verið með kennslu um sálrænan stuðning og við söknuðum þess, en það helgast af því að æfingin var á sama tíma og aðalfundur RKÍ.*

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

*Það hefðu mátt vera fleiri hendur frá deildinni, úrbætur er hægt að gera með því að fá fleiri slysavarnarkonur á neyðarvarnaráætlunina.*

*Aðhlyningarstjóri hafði of mikið á sinni könnu, aðhlyningarstjóri þarf helst að geta séð um skipulagningu aðgerða og fjarskipti inni á SSS án þess að þurfa sjálfur að meðhöndla sjúklinga. Fyrir vikið fannst okkur skorta á fyrirmæli til okkar.*

*Vopnafjarðardeild hefði getað passað upp á að losa sjúklinga af börum þar sem ekki var til nóg af þeim á slysstað.*

### 4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

*Við undirbyggjum okkur ágætlega með námskeiðum fyrir æfinguna sjálfa og með þátttöku í kynningum og námskeiðum á æfingunni sjálfri á fimmtudeginum og föstudeginum.*

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

*Við reyndum að sýna frumkvæði og passa upp á að einhver væri öllum stundum á hverju svæði fyrir sig á SSS, þ.e. grænu svæði, gulu svæði og rauðu svæði.*

## Flugslysaæfingin Vopnafjörður 2010 - Skýrsla lausnaraðila.

<b>1. Starfseining</b>	<b>Skýrsluritari/ar:</b>
AFIS Flugvallarvörður	Finnur Þ. Dýrfjörð

<b>2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni</b>
AFIS

<b>3. Hvar var viðkomandi staddur á meðan á æfingu stóð?</b>
Turni og slysstað

<b>4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.</b>
Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:
Boð frá neyðarlínu of lengi á leiðinni frá því var kallað í hana þar með leið of langur tími slökkvilið og björgunarsveit og fl komu. Ég var í turni í afgreiða ICG 27 þar af leiðandi sá ég ekki allt sem gerðist á æfingunni.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

--

<b>4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.</b>
Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:
Mér fannst öll æfingin ganga vel. Takk fyrir góða æfingu og gott skipulag.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

--

## Flugslysaæfingin Vopnafjörður 2010 - Skýrsla lausnaraðila.

1. Starfseining	Skýrsluritari/ar:
Slökkvi- og björgunarstarf	Þorlákur Snær Helgason Ingimar Eydal Slökkvilið Akureyrar

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni
Slökkvilið, sjúkraflutningar og björgunarsveitir.

3. Hvar var viðkomandi staddur á meðan á æfingu stóð?
Á slysavettvangi.

4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.
Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis: Slökkviliðsmenn hafa mjög gott af því að fá upprifjun á fræðslu í slökkvi- og björgunarmálum í flugvélum (hvernig best er að klippa sig í gegnum flugvél).

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

1. Það gekk smá brösuglega í byrjun með monítörinn. Þetta er nýr bíll og menn þurfa að æfa sig á hann.
2. Slökkvibíllinn var of lengi vatnslaus á vettvangi.
3. Boðun frá neyðarlínu tók of langan tíma (það virðist sem landsbyggðin sé sett á hold þegar kemur slys á suðurlandi hvort sem það sé æfing eða ekki). Það tók 15 mínútur að boða frá því að turn hafði samband við neyðarlínu.

5. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.
Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis: Undirbúningur var mjög góður að mínu mati.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

Mjög vel gekk að slökkva elda og klippa fólk úr brakinu (þó það sé til fljótlegri aðferð). Greining sjúklinga gekk fljótt og vel sem og flutningur á SSS. Ég var mjög ánægður með hvað þetta gekk mjög vel.
Þorlákur Snær Helgason Umsjónarmaður flugvallarfræðslu Slökkvilið Akureyrar

## Flugslýsaæfingin Vopnafjörður 2010

1. Viðfang (Verkpáttur eða verkefni)	Ráðgjafi/ar:
Rýnifundur	Kristján Torfason

**Bjarni Sighvatsson** Isavia setti fundinn og kynnti dagskrá hans. Hann sagði að í boðun Neyðarlínunar hafi misfarist að geta þess að um æfingu hafi verið að ræða. Það hafi valdið því að fjölmargir viðbragðsaðilar hringdu inn í 112 og hafði Neyðarlínan mikið að gera við að leiðrétta mistökin. Þá sagðist hann hafa hlustað á fjarskipti á vettvangi og fundist þau mjög góð. Enginn asi var á mönnum og töluðu allir skýrt og öll skilaboð voru auðskilin. Eins var á SSS, þar var enginn asi á mönnum og þar myndaðist ekki „caos“ eins og oft gerist á svona æfingum. Þrátt fyrir að það vantaði meiri mannskap þá hafi æfingin gengið mjög vel.

**Arnar Geir Magnússon** vettvangsstjóri sagði að hann og Baldur Pálsson hafi báðir verið vettvangsstjórar. Baldur hafi komið stuttu á eftir honum á vettvang. Hann sagði að þeir hafi staðsett sig við flugbrautina gegnt vettvangi og höfðu þaðan ágætis yfirsýn yfir hann. Hann sagði að þeirra fyrsta verk hafi verið að koma á fjarskiptum við verkpáttastjóra of aðgerðarstjórn og gekk það mjög vel. Hann sagðist sammála Bjarna um að fjarskipti á þessum rásum gengu mjög vel. Einn maður lék aðgerðarstjórn núna en ef aðgerðarstjórn hefði verið fullmönnuð má búast við að áreiti þaðan á vettvangsstjórn hefði verið meira. Einhver vandræði komu upp varðandi talningu þeirra sem voru um borð vegna misvísandi upplýsinga. Aðgerðarstjórn sóttist stíft eftir upplýsingum um fjölda um borð og hversu marga væri búið að flytja af vettvangi.

**Baldur Pálsson** sagði að frá sýnum bæjardyrum séð hafi þetta verið mjög góð æfing. Hann sagði að þetta væri í fyrsta skipti sem hann væri í vettvangsstjórn og hafi hann lært töluvert. Hann þakkaði Landhelgisgæslunni fyrir þátttökuna í æfingunni.

**Björn Heiðar** sagði að það hafi verið mjög gott að vera tveir á slökkvibílnum. Hann sagði að með tilkomu nýja bílsins yrði fyrirkomulagið þannig að einn maður kæmi á bílnum frá slökkvistöðinni og síðan væri starfsmaður flugfélagsins líka slökkviliðsmaður þannig að þeir færu tveir á vettvang. Hann sagði að þeir hafi fundið fyrir því þegar þeir komu á vettvang að þeir voru með nýjan bíl og voru ekki búnir að læra nægjanlega vel á hann. Þá sagði hann að þeim hafi fundist bæjarlökkviliðið lengi á leiðinni en komið hafi sú skýring á því að boðunin hafi klikkað. Starfsmaður í turni kom á vettvang með kerru með björgunarbúnaði. Vegna misskilnings fór hann ekki til baka í turninn og dvaldi á vettvangi lengur en til var ætlast. Hann sagðist ekki hafa náð endanlega tökum á vettvanginum fyrr en bæjarlökkviliðið og sjúkralið voru komin en það var töf á því eins og fram hefur komið. Eftir að þessi lið voru komin á staðinn gekk öll vinna vel. Vettvangurinn var mjög langur, lá nánast meðfram allri flugbrautinni og hefði verið mjög seinlegt ganga enda á milli. Af þessum sökum skipti hann og flutningsstjóri vettvanginum þannig að flutningsstjóri sá um suður hlutann

sjálfur hafi hann séð um norður hluta vettvangs. Hann sagðist mjög ánægður með allt samstarf á æfingunni og sagði að greining á vettvangi hafi gengið mjög vel. Þakkaði hann Isavia fyrir að standa fyrir æfingunni og sagði það mjög mikilvægt fyrir heimamenn fá svona æfingu.

**Emma Tryggvadóttir** aðhlyningarstjóri sagði að þau væru liðsfá heilbrigðisstofnuninni, þar væri bara einn læknir, einn hjúkrunarfræðingur og einn sjúkraliði. Því gæti hending ráðið því hve margir gætu mætt í svona atburð. Allir reyndu samt að gera sitt besta en í ljós hafi komið að vegna fámennis var ekki hægt að sinna sjúklingum eins vel og menn hefðu viljað. Einnig fór töluverður tími í að sinna fjarskiptum og veita upplýsingar þannig að minni tími gafst til að sinna sjúklingum en ella. Skortur var á burðarfólki til að færa sjúklinga milli svæða innan SSS. Hún sagði að margir hjálpaðar frá Rauða krossinum hafi mætt á SSS og það fólk hafi bjargað miklu og þakkaði hún fyrir stuðninginn frá þeim.

**Baldur Friðriksson** læknir sagði að það hafi vantað litaflokkunina á suma sjúklinga sem komu inn á SSS. Þá sagði hann að það þyrfti jafnvel að hafa fjarskiptamann á SSS þannig að heilbrigðisstarfsfólk gæti einbeitt sér að ummönnum slasaðra og einnig væri mjög gott að hafa aðstoðarfólk sem gæti séð um ákveðan hluti eins og að færa sjúklinga, sitja yfir sjúklingi og veita aðra aðstoð eins og Rauða kross fólk hafi gert. Hann þakkaði fyrir skemmtilega og fróðlega æfingu og sagði að heimamenn væru núna betur í stakk búnir til að takast á við svona atburð sem allir vonuðu að ætti ekki eftir að eiga sér stað.

**Jón Sigurðsson** flutningsstjóri sagði að flutningur á slösuðum hafi gengið vel af vettvangi og einnig móttaka á SSS. Hann sagðist hafa fengið annað hlutverk en upphaflega hafi verið ætlað, en vegna þess hve vettvangurinn var dreifður var hann settur björgunarstjóra til aðstoðar. Hann sagði að hlutverk hans sem flutningsstjóra hafi raskast svolítið á meðan hann varð að samræma þessi tvö hlutverk. Björgunarsveitarmenn komu strax að 7 illa slösuðum einstaklingum á vettvangi og skapaðist smá óörygginn hjá björgunarsveitarmönnum þar sem þeir voru ekki undir það búnir að lenda strax í aðhlyningu sjúklinga. Fljótlega fór þetta þó að ganga vel. Kalsarigning var allan tímann og þyrfti því að huga vel að öllum sjúklingunum með tillit til þess. Skortur var á börum og hafði það einhver áhrif á flutninginn. Hann sagði að ef vel ætti að vera þyrftu að vera til um 20 börur. Öll samskipti milli manna gengur vel og hefur þar tilkoma TETRA kerfisins mikil áhrif. Æfingin gekk vel í heildina.

**Björn Gunnar** gæslustjóri sagði að sitt hlutverk í æfingunni hafi verið svolítið erfitt. Hann hafi átt að sjá um skráningu sjúklinga af slysstað en sökum þess hve vettvangurinn var langur og tvískiptur fór talningin fljótlega úr skordum. Hann sagðist hafa verið með annan mann við SSS sem taldi sjúklinga þar inn og hafi sú talning gengið betur. Sá maður var á annarri vinnurás en vettvangsstjórn og því gekk ekki vel að fá tölur um fjölda slasaðra. Umferð um svæðið gekk mjög vel. Svæðið var lokað og því var ekki um almenna umferð að ræða. Ráðgjafarnir sáu um lokanir fyrir umferð um flugbrautina þegar flugvélar voru að athafna sig þar. Hann sagði að það

hafi verið óþarfi þar sem hann og hans menn hefðu getað sinnt þessu. Samskipti og fjarskipti milla manna voru að hans mati mjög góð.

?? Rauða krossinum sagði að það hafi skort upplýsingar varðandi fjölda slasaðra og einnig hafi verið mikið vinnuálag á aðhlyningarstjóra. Það hafi verið erfitt fyrir hann að vera að sinna sjúklingum og samtímis að þurfa að segja Rauða kross fólki til. Hún sagði að það hafi verið eitthvað af börum undir sjúklingum á græna svæðinu og hefði mátt huga að því að losa um þær þar sem böruskor tur var á vettvangi.

**Bjarni Sighvatsson** Isavia sagði að starfsfólk Rauða krossins væri ekki rétt skráð í flugslysaáætluninni. Það gagnaðist miklu betur að fá þetta fólk á SSS en að láta það mæta í fjöldahjálparstöð þar sem lítil verkefni biðu þeirra í upphafi björgunaraðgerða.

**Kristján Torfson** Isavia sagði að þau fjarskipti sem hann hafi komið að hafi gengið mjög vel og kallaði hann eftir því að aðrir tjáðu sig um fjarskiptin. Nokkur umræða var um fjarskiptaskipulagið en allir virtust sammála því að fjarskipti hafi almennt gengið mjög vel á æfingunni.

**Vigdís Agnarsdóttir** Isavia sagði að leikararnir hafi staðið frammi fyrir mjög erfiðu verkefni. Hún sagði að leikararnir fái ákveðið hlutverk sem þeir þurfi að leika og það sé mikilvægt að björgunaraðilarnir skilji það og taki þátt í því. T.d. eiga sumir leikarar að hafa hátt og kveinka sér og jafnvel að öskra mikið en sumum björgunarmönnum hafi bara verið skemmt og þeir hlegið mikið. Sumum leikurum var orðið nokkuð kalt þegar þau komust í hús og einn leikarinn þurfti að vaða út í á þar sem hann var síðan hífdur upp í þyrluna. Hún sagði að leikararnir hafi staðið sig mjög vel við slæmar veðurfarslegar aðstæður.

Fyrirspurn kom úr sal varðandi það að í flugslysaáætlun Vopnafjarðarflugvallar á FSA að senda greiningarsveit til Egilsstaða. Skíringin er sennilega sú að villa sé í áætluninni sem verður leiðrétt.

**Ingimar Eydal** slökkviliði Akureyrar sagði mjög mikilvægt að senda upplýsingar sem fyrst varðandi það hvort flugvöllurinn sé nothæfur eða ekki. Þetta væri mjög mikilvægt vegna flutninga á björgum inn á skaðasvæðið.

**Bjarni Sighvatsson** Isavia hvatti alla til að sækja flugslysaáætlunina á netið og fletta upp á sínum verkþætti og gaumgæfa hvort leynist einhverjar villur í áætluninni. Hann sagði einnig að einu áráðanlegu upplýsingarnar um farþega flugvéla væri að fá hjá starfsmanni flugfélagsins. Það væri nánast hægt að ganga út frá því að upplýsingar sem bærust annars staðar frá væru vitlausar. Varðandi lokanir á flugbraut sagði hann að það hafi verið ákveðið að ráðgjafar framkvæmdu þetta þar sem yfirleitt væri ekki til mannskapur í þetta verkefni hjá björgunaraðilum. Það hafi verið ákveðið að gera þetta til þess að þátttakendur sæju hvernig þetta færi fram. Þá sagði hann að veður eins og það var á æfingunni væri ekki mjög lengi að draga slasaðan einstakling til dauða. Þess vegna þyrfti að huga vel að því að koma slösuðum í húsaskjól sem allra fyrst. Hann bað alla viðeigandi um að ganga sem fyrst frá skýrslu um æfinguna og

senda hana til ISAVIA og einnig bað hann alla þá sem tekið hafa myndir að senda þær til ISAVIA en þær verða allar settar á DVD disk sem mun fylgja lokaskýrslu æfingarinnar.

**Jörundur Ragnarsson** Isavia sagði að allir hafi lært mikið af æfingunni og sagðist vona að við þyrftum aldrei að nýta okkur þessa kunnáttu til annars en að æfa okkur betur. Hann þakkaði öllum fyrir þátttökuna og sagði æfingunni slitið.